

Stofnanasamningur
Háskóla Íslands við Félag háskólakennara (FH)

Forsendur röðunar starfa við Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum
kjarasamnings ofangreindra stéttarféлага og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs,
dags. 28. júní 2008

1. KAFLI
Almennar forsendur

1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi stéttarféлага hins vegar, dags. 28. júní 2008. Samningurinn nær til allra starfsmanna Háskóla Íslands sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningum framangreindra stéttarféлага svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

1.2 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum:

- Að launasetning sé með hlutlægum hætti og sömu mælikvarðar notaðir við ákvörðun launa eftir eðli starfa.
- Að jafna rétt til árangurstengds kennsluafsláttar óháð aldri.
- Að jafnréttisstefna Háskóla Íslands og stefna Háskóla Íslands gegn mismunun séu hafðar að leiðarljósi við launaákvörðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.

1.3 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal ráðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfslýsingar endurskoðast árlega.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

- Störf kennara og sérfræðinga með rannsóknaskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdu stigamati ríkisháskólanna sem staðfest er af matskerfisnefnd, sjá grein 2.8.
- Um röðun þessara starfa í launaflokka er fjallað í 2. kafla.
- Stjórnslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademísku hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 3. kafla.
- Um launaröðun nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nýdoktora á rannsóknastyrkjum er fjallað í 4. kafla.

1.4.1 Álag vegna tímabundinna þátta

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður, starfsmannastjóri og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu.

Dæmi um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar eða deildar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

1.4.2 Sérstök umbun vegna tímabundins álags/verkefnis

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag sem varir í að lágmarki einn mánuð og telst ekki felast í viðkomandi starfi. Slíkur viðbótarsamningur skal vera skriflegur og skal þar kveðið á um efnisatriði hins sérstaka verkefnis og þeirra launakjara sem því fylgir. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna t.d. þegar almennt áreiti eykst tímabundið eða þegar aðkallandi verkefni koma upp sem þarf að ljúka með skjótum hætti, það getur einnig náð til ákveðinna verkefnastjórnunar, formennsku í nefndum, tímabundins aukins stjórnunarálags umfram stjórnunarskyldur eða hliðstæðra verkefna í þágu stofnunar eða deildar. Háskóli Íslands mun setja reglur um greiðslur af þessum toga sem kynntar verða starfsfólki.

Umbunin getur að hámarki verið 30.000 kr. á mánuði og tekur ekki breytingum á samningstímanum, sbr. nánar grein 1.3 annars vegar og greinar 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi aðildarfélaga BHM hins vegar, dags. 28. febrúar 2005.

Umbun þessi eða launaviðbót sem byggir á tímabundnum verkefnasamningi fellur niður við lok verkefnanna sem um ræðir eða í síðasta lagi í lok samningstíma án sérstakrar uppsagnar að hálfu stofnunarinnar.

1.5 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar) skv. 11. kafla kjarasamnings framangreindra stéttarfélaga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. KAFLI

Kennarar og sérfræðingar með hæfnisdóm

2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu

Um er að ræða störf aðjunktta, lektora/sérfræðinga, dósentta/fræðimanna og vísindamanna. Með *rannsóknnum* hér á eftir er átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

2.2 Starfsskyldur kennara og sérfræðinga

Starfsskyldur kennara við Háskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfsþátta, undantekningar frá almennum starfsskyldum og ákvarðanir um rannsóknamisseri, fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs. (Sjá fylgiskjal I, greinar 3, 4 og 5.)

2.3 Framgangur í efra starfsheiti

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi næstu mánaðamót eftir að deildarforseti hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum sem nægja til að mat um framgang geti farið fram. Sækja skal um framgang til forseta fræðasviðs fyrir 1. nóvember ár hvert. Framgangur samkvæmt reglum þessum tekur gildi við upphaf nýs háskólaárs 1. júlí.

2.3.1 Framgangur lektors/sérfræðings í starf dósentts/fræðimanns

Lektor/sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf dósentts/fræðimanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

2.3.2 Framgangur dósentts/fræðimanns í starf prófessors/vísindamanns

Dósent/fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf prófessors/vísindamanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa kennara og sérfræðinga á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. samræmt stigamat ríkisháskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

2.5 Aðjuntar, lektorar/sérfræðingar, dósentar/fræðimenn og vísindamenn

Aðjuntar, lektorar/sérfræðingar, dósentar/fræðimenn og vísindamenn raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflum 2.1 og 2.2 og eru stig metin samkvæmt

samræmdu stigamati ríkisháskólanna, sbr. grein 2.8. Lágmarksröðun er í launaflokk L07, 2. þrep m.v. fullar starfsskyldur.

2.5.1 launaröðun aðjunkta, lektora og dósentna

Röðun aðjunkta, lektora og dósentna í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustig. Nánar er fjallað um ráðningu og kjör aðjunkta í viðauka I með stofnanasamningi.

Tafla 2.1, launaröðun aðjunkta, lektora og dósentna

Rannsóknastig	Kennslustig	Heildarstig	Lfl.	Þrep
-	-	< 50	L07	2
-	-	50	L08	2
50	-	100	L09	2
80	-	150	L10	2
120	-	200	L11	2
270	100	400	L12	2
400	120	600	L14	2
550	150	900	L16	2
750	180	1200	L17	5
1000	180	1600	L17	6
1500	180	2000 >	L18	6

2.5.2 launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

Röðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.2 og í samræmi við rannsóknaskyldur þeirra, annars vegar er um að ræða 40% rannsóknaskyldu og hins vegar 60% eða hærri. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

Tafla 2.2, launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna

40%	60%	Heildarstig	Lfl.	Þrep
Rannsóknastig		< 50	L07	2
-	-	50	L08	2
50	60	100	L09	2
80	90	150	L10	2
120	140	200	L11	2
270	320	400	L12	2
400	480	600	L14	2
550	720	900	L16	2
750	960	1200	L17	5
1000	1280	1600	L17	6
1500	1600	2000 >	L18	6

2.6 Yfirvinnuþak

Hámark yfirvinnu á mánuði er eins og fram kemur í töflu 2.3, starfsmanni er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 2.3, yfirvinnuþak

Launaflokkar:	L07	L08	L09	L10	L11	L12	L14	L16	L17	L18
Tímar að hámarki:	58	56	54	52	50	48	45	39	35	35

Tímakaup fyrir yfirvinnu kennara og sérfræðinga er 1,0385% af mánaðarlaunum í viðkomandi launaflokki með álagi - en þó ekki hærri en samkvæmt yfirvinnutaxta í launaflokki L09 án álags (skv. launatöflu frá 1. júní 2008 er upphæðin kr. 3.507). Þó er heimilt að greiða 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi fyrir allt að 200 klst. á ári af sjálfsaflafé.

2.7 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Kröfur um rannsóknastig er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.
3. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
4. Kennlustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

2.8 Samræmt stigamat ríkisháskólanna sem staðfest er af matskerfisnefnd

Um röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda fer samkvæmt samræmdu stigamati ríkisháskólanna eins og það er á hverjum tíma og staðfest er af matskerfisnefnd, samanber þó gr. 3.2. í fylgiskjali I með stofnanasamningi þessum (fjölgun kennlustiga fyrir aukna kennslu).

3. KAFLI

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf

3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademísku hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Starfsmönnum er ráðað í launaflokka eins og fram kemur í töflu 3.1. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Röðun skal þó aldrei vera lægri en í L05. Sjá nánar gr. 3.1.1 og 3.1.2.

3.1.1 Starfsmat

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi.

3.1.2 Hæfnismat og ársmat

Til viðbótar starfsmati eru veitt stig í hæfnismati vegna menntunar, þekkingar og reynslu starfsmanns. Starfsmenn fá sömu stig fyrir menntun og áður voru í starfsmati. Hvert ár í starfi gefur 7 árs matsstig.

3.1.3 Áfrýjunarnefnd vegna starfs- og hæfnismats

Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til áfrýjunarnefndar. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.

3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati.

Tafla 3.1. Launaröðun þeirra er falla undir starfs- og hæfnismat.

Heildar- stig	Lfl.	Prep
< 300	L05	2
335	L06	2
370	L07	2
400	L08	2
450	L09	2
500	L10	2
550	L11	2
600	L12	2
650	L13	2
700	L14	2
750	L15	2
800	L16	2
875	L17	2
950>	L18	2

3.3 Endurskoðun röðunar í launaflokka.

Endurskoða skal starfslýsingar eftir þörfum og ekki sjaldnar en í tengslum við

starfsmannasamtal einu sinni á ári. Starfsmenn geta sótt um ársmat í maí ár hvert og skulu niðurstöður liggja fyrir í september. Fjárhæð ársmatssjóðs er ákveðin út frá breytingum á launavísitölu og starfsmannafjölda. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli ársrats taka gildi 1. september ár hvert.

3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Háskóla Íslands sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi:

Deildarstjóri

Fjármálastjóri

Forstöðumaður (gildir fyrir akademískar stofnanir og/eða samkvæmt reglum stofnunar)

Framkvæmdastjóri

Kynningarstjóri

Lögfræðingur

Námsráðgjafi

Rannsóknastjóri

Rekstrarstjóri

Ritstjóri

Starfsmannastjóri

Sviðsstjóri (í sameiginlegri stjórnsýslu)

Skrifstofustjóri

Vefstjóri

Verkefnastjóri

Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

4. KAFLI

Nýdóttorar og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

4.1 Launaröðun

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi sem fá greidd laun frá Háskóla Íslands á grundvelli ráðingarsamnings og raðast sem meistaranemi eða doktorsnemi, getur jafnframt verið í hlutastarfi. Nýdóttor skal raðast í launaflokk samkvæmt eftirfarandi forsendum:

Nýdóttor: L05

Heimilt er að raða einum til tveimur launaflokkum hærra í samræmi við framgang náms og/eða starfs. Við ráðningu skal gera samning milli viðkomandi nemanda og leiðbeinanda um vinnuskyldu, vinnuframlag, hlutafall starfs og tímalengd ráðningar. Í samningnum skal koma fram að ráðningin grundvallist á náminu og ljúki við námslok.

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi skulu auðkenndir í starfsmannaskrá eftir því sem við á sem meistaranemi eða doktorsnemi og tiltaka skal einnig hverjir eru nýdóttarar í upplýsingum til viðkomandi stéttarfélags.

Samningur þessi gildir frá 10.03.2011.

Reykjavík 10.03.2011

Fyrir hönd Háskóla Íslands	Fyrir hönd Félags háskólakennara
----------------------------	----------------------------------

|

|

Fylgiskjal I

Reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, nr. 605/2006 með áorðnum breytingum

1. gr. Starfsskyldur.

Starfsskyldur kennara við Háskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptist í rannsóknir, stjórnun og önnur störf.

2. gr. Skilgreining starfsþátta.

2.1 Kennsla.

Kennsla við Háskóla Íslands felur í sér þjálfun nemenda til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og takast á við margvísleg störf í þjóðfélaginu. Kennslunni er ætlað að þroska nemendur, temja þeim ögun í vinnubrögðum, auka þekkingu þeirra og gera þeim kleift að beita þekkingunni á sjálfstæðan skapandi og gagnrýninn hátt og til öflunar nýrrar þekkingar. Rannsóknnum og kennslu skal fléttað saman á öllum stigum náms, eftir því sem kostur er.

Nám til prófgráðu við Háskóla Íslands skiptist í einstök námskeið sem saman mynda eina heild. Deildir bera ábyrgð á námi og veitingu prófgráða. Deild ákveður því hvaða námskeið eru kennd og hver kennir þau. Kennarar njóta kennslufrelsis innan þess ramma sem deild setur. Þeir ákveða sjálfir námsefni, efnistöð og kennsluhætti. Þetta mikilvæga frelsi felur í sér skyldur og ábyrgð gagnvart fræðunum, gagnvart stúdentum og samstarfsfólki.

2.2 Rannsóknir.

Kennarar og sérfræðingar njóta akademísku rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Deild eða stofnun eftir atvikum skilgreinir fræðasvið hvers kennara og sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Kennarar og sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna. Kennarar og sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknnum sínum og niðurstöðum þeirra.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 4. gr., að sinna þjónusturannsóknnum á vegum stofnunar eða deildar. Þjónusturannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.

2.3 Stjórnun.

Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við kennslu og rannsóknir viðkomandi kennara eða sérfræðings.

[Í öðru lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum fræðasviðs, deildar eða námsleiðar sem mönnum er falið eða þeir eru kjörnir til að sinna tímabundið og um gilda ákvæði sameiginlegra reglna Háskóla Íslands.]¹

Í þriðja lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum háskólaráðs eða rektors, sem að jafnaði er greitt fyrir sérstaklega eða umbunað fyrir með öðrum hætti.

¹Breytt með 1. gr. rgl. nr. 968/2009

3. gr. Skipting starfsskyldna milli starfsþátta.

Ákvæði þessarar greinar gilda um háskólakennara og sérfræðinga. Greinin á þó ekki við um þá sem gegna starfi deildarforseta.

3.1 Almennar starfsskyldur háskólakennara og sérfræðinga.

- a. Starfsskyldur prófessora skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
- b. [Starfsskyldur lektora og dósentna í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.]¹
- c. Starfsskyldur lektora og dósentna í minna en hálfu starfi skiptast almennt í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
- d. Starfsskyldur aðjúnta skiptast almennt í 65% kennslu, 4% stjórnun og 31% rannsóknir.
- e. Starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skiptast í tvo flokka, annars vegar er um að ræða 60% - 80% rannsóknaskyldu og hins vegar 40%. Aðrir starfsþættir sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna eru 20% - 60% eða eftir því sem nánar er kveðið á um í starfslýsingu og ráðningarsamningi.

3.2 Undantekningar frá almennum starfsskyldum.

[I. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu.

- A. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu umfram almennar starfsskyldur byggir á meðaltalsrannsóknvirkni síðasta árs, síðustu þriggja ára eða síðustu fimm ára eftir því hvað er hagstæðast fyrir viðkomandi.
 1. Lektorar, dósentar og prófessorar í fullu starfi með færri en 10 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflu A. Aðjúntar í fullu starfi með færri en 7 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá á sama hátt hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflu B.
 2. Taka skal tillit til starfshlutfalls og rannsóknaskyldu í hverju tilviki þegar vikið er frá almennum reglum.
 3. Taka skal tillit til breytinga á starfsskyldum vegna töku fæðingarorlofs, veikinda eða slysa, sbr. gildandi reglur þar um.
 4. Ekki skal auka hlutfall kennsluskyldu fyrstu fimm árin í starfi hjá Háskóla Íslands.
 5. Ekki skal auka hlutfall kennsluskyldu prófessora sem eru 55 ára og eldri.

Hlutfallslega aukin kennsluskylda samkvæmt lið A er eins og fram kemur í töflum A og B þegar um fullt starf er að ræða.

Tafla A Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal		Tafla B Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal	
Prófessorar Lektorar og dósentar í fullu starfi		Aðjuntar, fullt starf	
Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	49%	6	66%
8	50%	5	67%
7	51%	4	68%
6	52%	3	69%
5	53%	2	70%
4	54%	1	71%
3	55%	0	72%
2	56%		
1	57%		
0	58%		

- B. Þrátt fyrir lið A getur kennari óskað eftir því að auka kennsluskyldu sína á kostnað rannsóknaskyldu. Þá getur forseti fræðasviðs við sérstakar aðstæður, t.d. vegna tímabundins álags, skorts á kennslukrafti, veikinda eða fjarvista af öðrum toga, ákveðið í samráði við deildarforseta og viðkomandi kennara að hann auki kennsluskyldu sína tímabundið á kostnað rannsóknarskyldu. Breytingar af þessu tagi skulu ekki hafa í för með sér að laun verði lægri en ef aukin kennsla væri unnin í yfirvinnu. Ennfremur getur rektor kallað starfsmann tímabundið til sérstakra starfa og breytast þá starfsskyldur hans eftir samkomulagi.

Um hlutfallslega aukna kennsluskyldu skv. liðum A og B gildir eftirfarandi:

- Stjórnunarskylda helst óbreytt en rannsóknaskylda minnkar að sama skapi og kennsluskyldan eykst.
- Yfirvinnuþak vegna kennslu breytist ekki.
- Kennslustigum fjölgar um 0,5 stig á ári fyrir hvern hundraðshluta sem kennsluskyldan eykst af heildarvinnuskyldu.]²

II. Hlutfallslega aukin rannsóknaskylda.

1. *Almenn regla:* Óski kennari eftir að auka hlutfall rannsóknaskyldu sinnar á kostnað kennsluskyldu skal almenna reglan vera sú að hann finnur kennara í sinn stað og greiðir kennsluna af sértekjum/sjálfsaflafé.

2. *Sérregla*: Telji deildarforseti/deild mikilvægt að tilteknum kennara sé gert kleift að auka hlutfall rannsóknaskyldu sinnar getur viðkomandi deild samþykkt að bera kostnaðinn vegna þess.
3. Kennari sem eykur við sig hlutfall rannsóknarskyldu samkvæmt 1. lið getur ekki kennt í yfirvinnu nema um sé að ræða leiðbeiningu við meistara- og/eða doktorsritgerð.

[III. Tímabundin aukin rannsóknaskylda.

Forseta fræðasviðs er heimilt að færa vinnuskyldu kennara við fræðasviðið tímabundið frá kennslu til rannsókna að fenginni úthlutun úr sérstökum sjóði sbr. reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta.]³

¹Breytt með 2. gr. rgl. nr. 968/2009

²Breytt með 3. gr. rgl. nr. 968/2009

³Breytt með 4. gr. rgl. nr. 968/2009

4. gr. Starfsmenn sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarf.

Háskóladeild eða stofnun ákveður skiptingu starfsskyldna milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Kveða skal á um skiptingu starfsskyldna í ráðningarsamningi. Ef við á skal tiltaka í ráðningarsamningi hve hátt hlutfall rannsóknaskyldunnar eru þjónusturannsóknir á vegum stofnunar eða deildar, án rannsóknafrelsis, sbr. 2. gr.

5. gr. Rannsóknamisseri.

Til þess að eiga kost á rannsóknamisseri skulu samanlögð stig vegna kennslu og rannsókna nema að minnsta kosti 17 stigum á ári þegar um fullt starf er að ræða og þar af skulu a.m.k. 5 stig vera vegna rannsókna. Miðað er við meðaltal síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort hagstæðara er fyrir viðkomandi. Skilyrði er að rannsóknaskýrslum sé skilað árlega.

Að öðru leyti gilda fyrri reglur um tímalengd rannsóknamissera og þann tíma er skal líða að lágmarki á milli rannsóknamissera.

6. gr. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur samþykkt, eru settar á grundvelli 11. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 41/1999 og 32. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 458/2000. Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2007 og fellur þá úr gildi samþykkt háskólaráðs um vinnuskyldu fastra kennara frá 8. september 1988. Nánar skal kveða á um framkvæmd reglna þessara í verklagsreglum sem háskólaráð staðfestir.

Ákvæði til skýringar.

[Með stjórnun í tengslum við rannsóknir og kennslu, sbr. 2. gr., er t.d. átt við samskipti við nemendur, sem þó ekki tengjast beint kennslu viðkomandi kennara, undirbúning kennsluskrár, þátttöku í fundum stjórnar fræðasviðs og deildarfundum, auk setu í nefndum á vegum fræðasviðs eða deildarinnar. Gert er ráð fyrir því að forseti fræðasviðs geti falið einstökum kennurum stjórnunarverkefni á vegum fræðasviðs og deildarforseti geti, í umboði deildarfundar, falið einstökum kennurum stjórnunarverkefni á vegum deildar. Dæmi um verkefni á vegum fræðasviðs/deildar sem menn eru kjörnir til að sinna tímabundið eru starf deildarforseta, varadeildarforseta og forstöðumanns stofnunar.]¹

Fram kemur í 4. gr. að deild eða stofnun ákveði skiptingu starfsskyldna sérfræðinga milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa. Með öðrum störfum er hér átt við

þjónusturannsóknir, sbr. gr. 2.2, og kennslu. Í 32. gr. sameiginlegra reglna Háskóla Íslands kemur fram að deild getur þegar sérstaklega stendur á falið starfsmanni sem eingöngu er ráðinn til vísinda- og fræðistarfa að sinna ákveðinni kennslu tímabundið.

¹Breytt með 5. gr. rgl. nr. [968/2009](#)

Háskóla Íslands, 10. apríl 2006

Fylgiskjal 2

Reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta, nr. 971/2009

1. gr.

Stofnaður skal sjóður innan Háskóla Íslands til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við skólann sem ná afburða árangri í rannsóknum, sbr. reglur nr. 605/2006 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Háskólaráð ákvarðar ár hvert framlag í sjóðinn við afgreiðslu fjárhagsáætlunar háskólans fyrir komandi ár. Úthlutun úr sjóðnum rennur til fræðasviða.

1. gr.

Háskólaráð skipar þriggja manna stjórn sjóðsins. Stjórn sjóðsins ákveður árlega í samræmi við reglur þessar og fjárhagslega stöðu sjóðsins hversu miklu er úthlutað til fræðasviða. Ákvörðun stjórnar skal liggja fyrir um miðjan október og gildir hún fyrir næsta háskólaár, þ.e. komandi haust- og vormisseri.

3. gr.

Forseti fræðasviðs getur sótt um úthlutun úr sjóði samkvæmt reglum þessum ef hann ákveður að nýta heimild til að færa vinnuskyldu kennara tímabundið frá kennslu til rannsókna vegna árangurs í rannsóknum sbr. 4. gr.

4. gr.

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum vegna starfsmanna sem uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

1. Kennari hefur fengið að meðaltali 35 rannsóknastig á ári, miðað við fullt starf, úr eftirfarandi flokkum matskerfis Háskóla Íslands: Ritryndar bækur, ISI greinar, aðrar ritryndar greinar, þ. á m. greinar í íslenskum ritryndum tímaritum, greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum og bókakaflar. Miðað er við þriggja ára meðaltal. Stjórn sjóðsins er heimilt að minnka eða auka kröfur um rannsóknastig í samræmi við fjárhagslega stöðu sjóðsins hverju sinni.
2. Kennari hefur náð afburða árangri í rannsóknum. Með hverri umsókn skal fylgja stuttur rökstuðningur. Tilnefningar skulu berast sjóðnum fyrir 1. september ár hvert. Stjórn sjóðsins skal leggja eftirfarandi sjónarmið til grundvallar í mati sínu á árangri starfsmannsins:
 - a. Kennari hefur hlotið óvenju háa styrki til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
 - b. Rit kennara hafa verið birt í virtustu tímaritum heims eða hjá virtustu forlögum heims á viðkomandi fræðasviði.
 - c. Rannsóknir kennara vekja óvenju mikla athygli.
 - d. Kennari hefur hlotið eftirsótt verðlaun á fræðasviði sínu.
 - e. Kennari hefur sýnt annan afburða árangur í rannsóknum sínum.

Stjórn sjóðsins skal miða við að a.m.k. 80% úthlutunar hverju sinni sé vegna kennara sem uppfylla skilyrði 1. liðar 1. mgr.

5. gr.

Tilfærsla vinnustunda frá kennslu til rannsókna getur verið fjórðungur eða helmingur kennsluskyldu viðkomandi kennara. Kennari sem nýtur tilfærslu fær ekki greidda yfirvinnu vegna kennslu nema að kennsluframlag fari umfram fulla kennsluskyldu hans eins og hún er, óháð tilfærslunni.

6. gr.

Sjóðurinn veitir viðkomandi fræðasviði styrk sem nemur áætluðum meðaltalskostnaði við tilfærslu starfspátta kennara. Stjórnin ákveður árlega hver skuli teljast meðaltalskostnaður vegna tilfærslu, sem nemur fjórðungi og helmingi kennsluskyldu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur sett sér nánari vinnureglur sem háskólaráð staðfestir.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi.

Háskóla Íslands, 16. nóvember 2009.

Viðauki I

Reglur um ráðningu og kjör aðjunkta við Háskóla Íslands

Í samræmi við lög og reglur Háskóla Íslands ber að auglýsa störf aðjunkta í Félagi háskólakennara, sem eru í 50% starfi og meira. Forstetar fræðasviða ráða aðjunkta. Reglur þessar ná til þeirra aðjunkta sem hafa kennslu við Háskóla Íslands að aðalstarfi og ráðnir eru til a.m.k. eins misseris á föstum launum og eru ekki á sama tíma í starfi annars staðar sem er meira en hálf starf.

1. Miðað er við að kennsla sé að meirihluta fræðileg og að kennarinn annist skipulagningu kennslunnar. Fullt starf aðjunkta miðast við að kennsla og prófvinna sé 65% af vinnuskyldum þeirra, rannsóknir séu 31% og stjórnun 4%.
2. Miða skal við að ráðning hefjist 1. janúar eða 1. júlí ár hvert og nái til a.m.k. eins misseris í senn. Laun greiðast samkvæmt starfshlutfalli í 6 eða 12 mánuði. Heimilt er að ráða tímabundið. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfelld lengur en í tvö ár.
3. Háskólaráði er heimilt að veita 4 aðjunktum rannsóknamissari á ári hverju. Við ákvörðun skal miða við að kennt hafi verið í 7 misseri við Háskóla Íslands á föstum launum og að starfshlutfall hafi numið að meðaltali minnst 75%. Við útreikning má taka mið af starfstíma kennarans við Háskóla Íslands allt að 10 ár aftur í tímann. Í rannsóknamissari skal aðjunkt halda launum í samræmi við starfshlutfall að meðaltali á undangengnum 7 misserum og fá greidda þjálfunardagpeninga samkvæmt sömu reglum og gilda um aðra háskólakennara. Hafi aðjunkt ekki getað uppfyllt vinnuskyldu sína vegna veikinda eða barnsburðarleyfis hefur það ekki áhrif á heimild hans til rannsóknamissari. Aðjunkt skal á sama hátt og lektorar og dósentar leggja fram skýrslu um stöðu þeirra rannsókna sem hann hefur unnið að og starfsáætlun fyrir tímabilið. Háskólaráð heimilar rannsóknamissarið að undangengnu mati á framlögðum gögnum. Umsóknarfrestur aðjunkta um rannsóknamissari er 15. október árið áður en að misserinu kemur.

Heimilt er að ráða tímabundið án auglýsingar til starfa kennara með starfsheitið aðjunkt II í allt að 50% starf þar sem allt að 90% vinnuskyldu er kennsla og prófvinna. Aðjunkt II tekur laun í samræmi við matskerfi kennara og sérfræðinga.

Bókanir

Bókun 1

Lágmarkslaun nýráðinna lektora og dósentna

Laun nýráðinna lektora og dósentna í fullu starfi skulu að lágmarki vera L072 auk 10%álagspróssentu fyrir dagvinnu á mánuði. Ef dagvinnulaun viðkomandi er undir þessum viðmiðunarmörkum bætir Háskóli Íslands það sem upp á vantar, þó þannig að framlag Háskólans lækkar í samræmi við úthlutun úr vinnumatssjóði vegna rannsókna ef um það er að ræða. Fyrirkomulag þetta nær til fyrstu þriggja áranna í starfi við skólann.

Bókun 2

Endurskoðun á starfs- og hæfnismati

Mat á menntun í starfs- og hæfnismati verður eins og fram kemur hér að neðan frá og með 1. maí 2007.

	Starfsmat	Hæfnismat
Diplómanám	-	25 stig
Háskólapróf BA/BS, 90 einingar	90 stig	50 stig
Háskólapróf BA/BS, 120 einingar	120 stig	60 stig
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun	160 stig	90 stig
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180 stig	110 stig
Doktorspróf	220 stig	130 stig

Viðbótarmenntun umfram það sem starfið krefst reiknast til stiga sem mismunur milli flokka í hæfnismati (Dæmi. Einstaklingur í starfi sem krefst BA/BS menntunar fær 40 stig í hæfnismati fyrir MA/MS próf). Aðrir þættir matskerfisins geta einnig komið til endurskoðunar samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Bókun 3

Áfrýjunarnefnd vegna starfs- og hæfnismats

Komið verði á fót áfrýjunarnefnd vegna ágreiningsmála sem rísa kunna út af niðurstöðum úr starfs- og hæfnismati hjá Háskóla Íslands og tengdum stofnunum fyrir 1. október 2006. Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til nefndarinnar sem skal skipuð óháðum aðilum og starfrækt með sama hætti og áfrýjunarnefnd vegna stigamats kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.

Bókun 4

Kennsla, rannsóknir og stjórnun

Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfsþáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa að heildarvinnutíma. Félag háskólakennara skal eiga fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Breytingar á reglum um kennslu, rannsóknir og stjórnun skulu birtar með stofnanasamningi.

Bókun 5

Mat á kennslu til vinnutíma

Reglur um mat á námskeiðum til vinnustunda og vegna umsjónar með verkefnum til BA/BS prófs, MA/MS próf og doktorsprófs skulu endurskoðaðar í samráði við Félag háskólakennara fyrir 1. sept. 2011.

Bókun 6

Leiðbeining framhaldsnema.

Skipaður verði starfshópur samningsaðila sem semja skal tillögur að reglum um mat á vinnuframlagi kennara við umsjón með meistara- og doktorsverkefnum, þegar nemandi hverfur frá námi. Starfshópurinn skal hefja störf 4 vikum eftir undirritun stofnanasamnings HÍ og FH og skila tillögum sínum fyrir lok vormisseris 2011.

Bókun 7

Fjarnám.

Skipaður verði starfshópur samningsaðila sem semja skal tillögur að reglum um mat á vinnu kennara við fjarnám. Starfshópurinn skal hefja störf 4 vikum eftir undirritun stofnanasamnings HÍ og FH og skila tillögum sínum fyrir lok haustmisseris 2011.